

## Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 23. maí 1997 og til dagsins í dag. Haldinn var framhaldsaðalfundur 6. febrúar 1998. Á þeim fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Aðalmenn; Karl Björnsson, formaður, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Grétar Zóphaníasson. Úr stjórn gekk Guðmundur Hermannsson.

Varamenn; Einar Mathiesen, Loftur Þorsteinsson og Ágúst Ingi Ólafsson.

Skoðunarmenn voru kosnir Magnús Karel Hannesson og Bjarki Reynisson.

Framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands er Þorvarður Hjaltason og verkstjóri á urðunarsvæði er Arnar Árnason.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi en auk þeirra hafa verið haldnir ýmsir fundir með þátttöku eins eða fleiri stjórnarmanna í tengslum við þau mál sem hafa verið á döfnni.

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru samtals 14 og hefur fækkað um 4 frá síðasta aðalfundi vegna sameiningar 4 sveitarfélaga í Árborg og tveggja í Grímsnes- og Grafningshrepp. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 8 sveitarfélög þannig að í raun er 21 sveitarfélag á Suðurlandi sem stendur að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu, sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins, en það hefur aukist um 31% á milli ára:

## Tafla

1

### Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 1998

Eignaraðilar	Íbúafjöldi	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Sorpstöð Rangárvallasýslu	2.870	19,95	9.661.193
Árborg	5.475	38,06	18.430.325
Gaulverjabæjarhr.	125	0,87	420.784
Hraungerðishreppur	192	1,33	646.324
Villingaholtshreppur	182	1,27	612.661
Skeiðahreppur	252	1,75	848.300
Gnúpverjahreppur	310	2,16	1.043.544
Hrunamannahreppur	694	4,82	2.336.191
Biskupstungnahr.	516	3,59	1.736.995
Laugardalshreppur	231	1,61	777.608
Grímsnes- Grafningshreppur	303	2,11	1.019.980
Þingvallahreppur	45	0,31	151.482
Hveragerði	1.665	11,58	5.604.839
Ólfushreppur	1.524	10,60	5.130.195
	14.384	100,00	48.420.420

## Afkoma

Afkoma fyrirtækisins var mjög góð á síðasta ári eins og ársreikningur ber með sér. Rekstrarafgangur varð um tíu og hálf milljón króna og eigið fé fyrirtækisins er nú tæplega 50 milljónir króna og hefur vaxið á þremur árum um 116%. Á sama tíma hafa útgjöld sveitarfélaganna vegna sorpurðunarinnar staðið í stað. Þau námu alls kr. 17.320.587 árið 1994 en 1997 alls kr. 17.311.783. Ekki er þó skynsamlegt að lækka gjöld til sveitarfélaganna eins og auðvelt væri að freistast til að gera. Nú er nýfallinn dómur í Héraðsdómi Suðurlands í skaðabótamáli eigenda Auðsholts á hendur Sorpstöðinni og ef áform um

kjöttmjölsverksmiðju verða að veruleika lækka tekjur stöðvarinnar í framtíðinni. Einnig er ljóst að í nánustu framtíð verða kröfur til urðunarstaða stórhertar með tilheyrandi kostnaði.

### Gjaldskrá

Gjaldskrá hefur verið óbreytt frá áramótunum 1996- 1997. Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann samþykki gjaldskrána óbreytta eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

- Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögunum kr. 1,60/kg.
- Gjald fyrir sláturúrgang kr. 3,30/kg.
- Gjald fyrir annað aðflutt sorp, sem ekki er samningsbundið kr. 3,20/kg.
- Gjald fyrir seyru kr. 0,50/kg.
- Afgreiðslugjald kr. 530/losun
- Gjald fyrir trjáklara kr. 1.800/klst.

Allar verðtölur eru án virðisaukaskatts.


### Starfsemin á urðunarsvæðinu

Starfsemi Sorpstöðvarinnar er í föstum skorðum og ekki þörf á verulegum breytingum á urðunarsvæðinu sjálfu. Tækjabúnaður er góður og allt verklag hefur slípast vel til. Áfram verður þó haldið við að þróa vinnubrögðin og finna lausnir á þeim vandamálum sem upp kunna að koma í rekstrinum. Nú er t.d. verið að kanna möguleika á bættum fokvörnum og í undirbúningi er að kanna losun gass úr urðunarreinunum og viðeigandi ráðstafanir vegna þess.

Á árinu 1997 nam innvegið magn samtals 23.069 tonnum, sem er um 3% aukning á milli ára. Um 20 % magnaukningu er að ræða frá sveitarfélögunum en um 10% minna magn frá sláturhúsum og gámafyrirtækjum sbr. töflu hér að neðan.

Tafla

2



Framkvæmdir við nýja urðunarrein hófust um síðustu mánaðamót og er áætlað að verkinu ljúki um miðjan september. Útboð fór fram og var lægsta tilboði frá Vélgröfunni ehf tekið að upphæð kr. 6.947.200 sem var 64,7% af kostnaðaráætlun. Til viðbótar bætist við kostnaður að upphæð um 2,7 milljónir króna vegna þéttidúks sem fluttur er inn frá Kanada. Áætlað er að þessi rein endist fram á mitt ár 2000. Jafnframt hefur Verkfræðistofu Suðurlands verið falið að kanna möguleika á söfnun gass á sorpurðunarsvæðinu og hvort breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi urðunar til að koma upp gassöfnunarkerfi og einnig að endurskoða og hanna sigvatnshreinsun frá urðunarsvæðinu. Áætlað er að unnið verði að þeim endurbótum strax í haust. Einnig er verið að kanna möguleika að setja upp mjög öfluga og færanlega girðingu með neti sem umlyki og næði yfir urðunarsvæðið sem unnið er á. Slík girðing kæmi nánast í veg fyrir fók og ágang varfgugls.

## Starfsmenn

Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og verið hefur, honum til aðstoðar er Guðni Jónsson. Þá hefur Guðmundur Tr. Ólafsson umhverfisfræðingur unnið að ráðgjafarstörfum fyrir Sorpstöðina, aðildarsveitarfélög hennar og fyrirtæki á svæði stöðvarinnar, í því augnamiði að halda áfram markvissum úrbótum í umhverfismálum á Suðurlandi. Mjög góð reynsla er af störfum Guðmundar, hann hefur verið þeim sveitarfélögum sem þess hafa óskað til ráðuneytis um meðferð úrgangs og einnig fyrirtækjum. Þá hefur hann haft veg og vanda af útgáfu kynningarbæklings um móttökustöðvar og flokkunarmöguleika sorps á Suðurlandi sem nýlega var gefinn út, aðstoðað við undirbúning kjötmjolsverksmiðu o.fl. Mjög mikilvægt er fyrir Sorpstöðina að geta sinnt þessum málum sem eru auk ráðgjafarinnar, upplýsingasöfnun og þróunarstörf. Fyrir fundinum liggur tillaga um að heimila stjórn að ráða Guðmund til áframhaldandi ráðgjafarstarfa til allt að eins árs. Framkvæmdastjóri SASS og aðrir starfsmenn samtakanna sinna síðan öðrum störfum fyrir stöðina.

## Nýtt

## starfsleyfi


Starfsleyfið sem tók gildi 29. apríl 1994 rann út á þessu ári og hófst vinna af hálfu Hollustuverndar við nýtt starfsleyfi á síðasta ári og var það gefið út þann 1. júlí sl. Ekki er þó enn fulljóst um gildi þess vegna þess að tveir aðilar, Ölfushreppur annars vegar og Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins hins vegar hafa kært útgáfu starfsleyfisins til umhverfisráðherra. Úrskurður hans hefur ekki enn litið dagsins ljós. Nýja starfsleyfið er hér í gögnum sem liggja fyrir aðalfundinum, ásamt ofangreindum kærum og athugasemdum Sorpstöðvarinnar við þær.

## Söfnun og endurvinnsla á pappír


Dagblaða- og tímaritapappír. Á Suðurlandi hefur nú um rúmlega tveggja ára skeið staðið móttaka og söfnun á pappír til endurvinnslu. Móttaka var í fyrstu bundin við stærri þéttbýliskjarna en síðastliðið sumar var komið fyrir móttökukerjum í átta sveitarfélögum til viðbótar þeim níu sem fyrir voru. Árangur varð mjög góður á síðasta ári, samtals söfnuðust um 130 tonn af dagblaða- og tímaritapappír. Árangurinn er að vísu nokkuð misjafn eins og tafla 3 ber með sér, en einkar glæsilegur í sumum tilfellum. Það er t.d. nokkuð víst að Eyrbekkingar settu Íslandsmet á síðasta ári í þessum efnun.

Tafla

3



**Drykkjarvöruumbúðir.** Í samvinnu við Mjólkurbú Flóamanna og Gámaþjónustuna var víðtækri söfnun á fernum hleypt af stokkunum í júlí á síðasta ári. Komið var fyrir kerjum undir drykkjarfernum hjá pappírsgámunum. Sérstökum söfnunarlátum var dreift til almennings til að örva söfnunina. Verulega góður árangur náðist strax og eru skilin talin vera um 70% miðað við uppgefnar tölur frá MBF. Á sama tíma voru skilin rúm 20% í Reykjavík.



Pappírssöfnun hófst 23. maí 1996, fernusöfnun hófst í júlí 1997

**Endurvinnsla á pappír.** Á síðasta vetri hóf fyrirtækið Husl á Selfossi endurvinnslu á pappambúðum. Pappinn er kurlaður og er kurlað notað sem undirlag undir hesta. Sorpstöðin aðstoðaði fyrirtækið með ráðgjöf sem Guðmundur Tr. Ólafsson innti af hendi. Nú er Sorpstöðin ásamt fleiri aðilum, þ.e. Husli ehf, MBF, Silfurtúni, Árborg og Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, að kanna möguleika á stofnun pappírsmótunarverksmiðju, sem aðallega mun framleiða eggjabakka, ef af verður. Sú könnun er á frumstigi. Ef þessar hugmyndir verða að veruleika þá má reikna með að allt það magn sem fellur til á starfssvæði Sorpstöðvarinnar af dagblaða- og tímaritapappír verði endurunnið.

#### Endurvinnsla á plasti

Á síðasta ári styrkti Sorpstöðin nýtt fyrirtæki á Flúðum, Funaplast, sem sérhæfir sig í endurvinnslu á plasti með 700 þúsund króna framlag. Um er að ræða endurvinnslu á plasti, netum o.fl. Ýmis vandamál komu upp við endurvinnslu á landbúnaðarplasti og ræður fyrirtækið ekki yfir þeirri tækni sem til þess þarf. Aftur á móti hefur gengið mun betur við endurvinnslu á netum. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika eru vonir bundnar við að fyrirtækið geti spjarað sig. Komið hefur til tals við forráðamenn sorpbrennslunnar í Vestmannaeyjum sá möguleiki að brenna landbúnaðarplastið, en það hefur mikið orkugildi og gæti nýst þeim við upphitun vatns í fjarvarmaveitunni sem þar er rekin, en þær viðræður eru á frumstigi. Ljóst er að verulegt átak verður að gera í þessum efnum, því mjög mikið fellur til af þessu plasti hér á Suðurlandi. Til að auðvelda lausn þessa vandamáls er brýnt að koma á skilgjaldi á landbúnaðarplast sem allra fyrst.

#### Undirbúningur að stofnun kjötmjölsverksmiðju

Lengi hafa verið uppi hugmyndir um að reisa og reka kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi, eða allt frá því snemma á 8. áratugnum. Viðamikil úttekt og skýrsla var gerð árið 1993 en ekkert varð úr framkvæmdum, m.a. vegna mikils kostnaðar. Í þeirri skýrslu var gengið út frá einni verksmiðju sem þjónaði öllu landinu og gert ráð fyrir að flutningur hráefnisins væri einn kostnaðarliðanna. Á síðasta ári var þráðurinn tekinn upp á ný. Að verkefninu hafa staðið auk Sorpstöðvarinnar, Sláturfélag Suðurlands, Þríhyrningur, Reykjaragður, Fóðurstöð Suðurlands og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands. Fleiri aðilar hafa lýst áhuga á að vera með í fyrirtækinu. Fyrir liggur samþykki Sláturfélags Suðurlands og Þríhyrnings og Sorpstöðvar Suðurlands með fyrirvara um samþykki aðalfundar og hefur stjórnin skuldbundið Sorpstöðina til að greiða um 20% hlutfjárins með áðurgreindum fyrirvara. Áætlað er að hlutfé verði 30 - 40 milljónir króna. Hlutur Sorpstöðvarinnar gæti því orðið á bilinu 6 - 8 milljónir króna. Þá er áformað að leita til Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um hlutfé eða styrki til verksmiðjunnar. Til að styðja þá málaleitan hefur verið rætt við umhverfis- og landbúnaðarráðherra og hefur hann lofað stuðningi við málið. Gerð hefur verið ítarleg hagkvæmnisathugun af hálfu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands sem bendir til að rekstur slíkrar verksmiðju beri sig. Í þeirri athugun hefur verið gengið út frá að reist yrði verksmiðja sem fyrst og fremst þjónaði Suðurlandi og að fyrirtækin sem legðu inn hráefni greiddu sjálf flutningskostnaðinn. Þó er búist við að verksmiðjan taki við hráefni af Reykjavíkursvæðinu og jafnvel víðar að. Áætlað er að það magn sem fellur til hér á Suðurlandi sé u.þ.b. 4000 tonn. Reiknað er með því magni í upphafi en að það aukist síðan í 5000 tonn. Reiknað er með að stofnkostnaður verksmiðjunnar verði á bilinu 100 til 120 milljónir króna og þar muni starfa 2 - 3 starfsmenn. Stærð húsnæðis er á áætlað 900 m<sup>2</sup>. Ekki hefur verið gengið fá staðarvali, en athugun sem var gerð á hagkvæmni flutninga leiddi í ljós að hagkvæmast er að staðsetja verksmiðjuna einhvers staðar á

svæðinu frá Selfossi til Hellu, sem næst þjóðvegi 1. Nú þegar hefur verið rætt við forráðamenn Hraungerðishrepps og er verið að kanna hvort allar nauðsynlegar aðstæður og forsendur séu þar fyrir hendi. Niðurstaða fæst vonandi mjög fljótlega.

### Upplýsingamál

Sorpstöð Suðurlands hefur litið á það sem hlutverk sitt að beita sér fyrir úrbótum á sviði sorphirðu, sorpförgunar og endurnýtingar úrgangs almennt og leitast við að aðstoða sveitarfélög og almenning í þeim efnum, sbr. ýmislegt af því hér hefur á verið minnst á. Nú á síðustu vikum hefur Sorpstöðin gert átak í því að koma ýmis konar upplýsingum varðandi málaflokkinn til sem flestra. Í fyrsta lagi gáfum við bæklings og kort um móttökustöðvar og flokkunarmöguleika úrgangs í sveitarfélögum á starfssvæði stöðvarinnar og var honum dreift í 5000 eintökum. Jafnframt hefur ný heimasíða stöðvarinnar á alnetinu litið dagsins ljós. Þar er að finna upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess og ýmsar gagnlegar upplýsingar bæði fyrir sveitarstjórnir og almenning. Reynt verður eftir föngum að hafa þar alltaf nýjustu upplýsingar. Hér með er skorað á eignaraðila stöðvarinnar að nýta sér sem best þá möguleika sem í þessu felast. Gott væri jafnframt að fá ábendingar um það sem betur mætti fara og eins efni sem ástæða væri til að hafa á heimasíðunni. Vefslóðin er <http://www.sudurland.is/sorpstod/>.

### Málaferli

### gegn

### Sorpstöðinni

Eins og fundarmönnum er kunnugt hefur verið málarekstur í gangi gegn Sorpstöðinni vegna starfseminnar í Kirkjuferjuháleigu. Sorpstöðin gat ekki fellt sig við niðurstöðu yfirmats í Auðsholtsmálinu og því höfðuðu eigendur Auðsholts mál á hendur Sorpstöðinni. Málflutningi fyrir Héraðsdómi Suðurlands er nú lokið og dómur hefur verið uppkveðinn og er Sorpstöðinni gert að greiða 12 milljónir króna í skaðabætur auk málskostnaðar og dráttarvaxta og nemur heildarupphæðin 19,5 milljónum króna. Ekki hefur unnist tími til að meta forsendur dómsins og því ekki hægt þessari stundu að taka ákvörðun um áfrýjun.

### Ágreiningur

### við

### Ölfushrepp

Eins og aðalfundarfulltrúum er kunnugt hafa staðið deilur á milli hreppsnefndar Ölfushrepps og Sorpstöðvar Suðurlands um aðflutning sorps frá höfuðborgarsvæðinu til Kirkjuferjuháleigu. Málinu var ekki ráðið til lykta á aðalfundi 1997 en á framhaldsaðalfundi sem haldinn var 6. febrúar á þessu ári var samþykkt tillaga þess efnis að skipaður skyldi gerðardómur tveggja manna sem í sæti einn frá hvorum málaðila utan starfssvæðis Sorpstöðvar Suðurlands. Báðir aðilar hafa nú skipað sinn fulltrúa í gerðardóminn en þeir eru: Andri Árnason hrl. fyrir Ölfushrepp og Jón Ólafsson hrl. fyrir Sorpstöð Suðurlands.

### Lokaorð

Að lokum vill stjórnin leggja áherslu á að Sorpstöð Suðurlands hefur ávallt lagt mikla áherslu á að standa sem best að verki og telur að verulegur árangur og framþróun hafi orðið í umhverfismálum á Suðurlandi á síðustu árum, m.a. fyrir tilstilli Sorpstöðvar Suðurlands. Í þeim anda þarf áfram að vinna, því þó margt hafi áunnist í umhverfismálum á Suðurlandi þá er enn margt ógert.